

REGLUGERÐ

um skil á staðgreiðslu

1. gr.

Við b. lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu komi eftirtalin viðbót:

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. maí 1990.

Fjármálaráðuneytið, 11. maí 1990.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 198

25. apríl 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 25. apríl 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra sbr. bókun 18. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 25. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 199

14. maí 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvalsvallar 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvalsvallar 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hvolshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.